

## 223.fundur-11.júní 2004

Boðað var til fundar í hreppsnefnd Reykhólahrepps föstudaginn 11.júní 2004 kl. 15:00. Fundarstaður var fundarsalur hreppsnefndar að Reykhólum að venju. Til fundarins var boðað með svofeldri dagskrá:

- 1) Ársreikningar Reykhólahrepps fyrir árið 2003, síðari umræða. Á fundinn mun mæta Guðmundur Snorrason frá Grant Thornton endurskoðun ehf og útskýra reikningana.
- 2) Sveitarstjóri fer yfir fundargerð 222. fundar.
- 3) Fundargerð byggingarnefndar íþróttahúss 25. maí 2004
- 4) Fundargerð félagsmála- og jafnréttisnefndar 2. júní 2004
- 5) Fundargerð byggingar-, skipulags- og hafnarnefndar 10. júní 2004
- 6) Deiliskipulag íbúðabyggðar á Reykhólum
- 7) Fundargerð samgönguhóps FSV frá fundi á Reykhólum 26.maí 2004
- 8) Fundargerð starfshóps um hlunnindasýningu 18.maí 2004
- 9) 48. fundur Breiðafjarðarnefndar, fundargerð (tilkynning)
- 10) Tilnefning aðalmanns og varamanns í Breiðafjarðarnefnd, erindi frá Umhverfissráðuneytinu
- 11) Vegur um Arnkötludal og Gautsdal í Hólmavíkurbreppi og Reykhólahreppi. Ákvörðun um matsáætlun frá Skipulagsstofnun
- 12) Fjórðungsþing Vestfirðinga 3-4. september á Ísafirði (tilkynning)
- 13) Aðalfundur AtVest á Hótel Bjarkalundi 16.júní (tilkynning)
- 14) Vestfjarðavíkingur 2004, dagskrá (tilkynning)
- 15) Neysluvatn-Reykhólum, niðurstaða Heilbrigðiseftirlits Vestfjarða (sýni tekið 10.maí, vatn stóðst gæðakröfur)
- 16) Fundargerð heilbrigðisnefndar 30.apríl 2004 og tillaga um samþykkt um umgengni og þrífnað utanhúss á starfssvæði heilbrigðisnefndar Vestfjarða
- 17) Erindi frá Íslenskum fasteignum ehf varðandi fasteignaþjónustu
- 18) Greinargerð FSV varðandi sameiningarkosti sveitarfélaga á Vestfjörðum
- 19) Tillaga frá sveitarstjóra um að fundir hreppsnefndar falli niður í júlí 2004
- 20) Umsókn um leyfi til áfengisveitinga í veitingahúsinu Vogu, Flatey
- 21) Önnur mál.

Fundurinn hófst kl. 15:15 Auk hreppsnefndar og sveitarstjóra voru mættir Guðmundur Snorrason frá Grant Thornton endurskoðun ehf og Karl Kristjánsson skoðunarmaður reikninga hreppsins.

Gústaf Jökull oddviti setti fundinn og bauð Guðmund Snorrason sérstaklega velkominn.

1) Ársreikningar Reykhólahrepps fyrir árið 2003, síðari umræða. Guðmundur Snorrason lagði fram endurskoðunarskýrslu sína vegna ársins 2003. Hann fór yfir skuldastöðuna en skuldir pr. íbúa hafa lækkað mikið undanfarin ár þrátt fyrir fækkun íbúa. Hreinar skuldir pr. íbúa voru í árslok 2003 kr.

96.000,- Guðmundur fór yfir rekstrarreikning og efnahagsreikninginn. Ekki er um að ræða mjög miklar breytingar frá áætlun eða fyrra ári. Veltufé frá rekstri var rúmar 12 milljónir en fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum 7,8 milljónir. Afborganir af langtímaskuldum verða í kringum 5 milljónir á ári næstu árin ef engar nýjar lántökur bætast við. Farið var enn fremur yfir rekstur Barmahlíðar og félagslegra íbúða. Karl sagði að skoðunarmenn gerðu engar athugasemdir við reksturinn 2003. Guðmundur lagði áherslu á að áfram yrði gætt ítrasta aðhalds á öllum sviðum rekstrarins, einkum þar sem fyrir dyrum stæði bygging íþróttahúss.

Oddviti bar síðan reikningana upp og voru þeir samþykktir með öllum greiddum atkvæðum.

Guðmundur og Karl yfirgáfu síðan fundinn.

2) Sveitarstjóri renndi yfir fundargerð 222. fundar.

3) Fundargerð byggingarnefndar íþróttahúss 25. maí 2004. Samþykkt með smáleíðréttingu.

4) Fundargerð félagsmála- og jafnréttisnefndar 2. júní 2004. Samþykkt.

5) Fundargerð skipulags-, bygginga- og hafnarnefndar 10.júní 2004.

1-8.liður samþykktir

9.liður. Hreppsnefnd bendir á að draga þarf línu eftir miðju Langavatni í núverandi hreppsland. Hreppsnefnd fellst á að ábúandi Reykhólajarðar verði ekki með íbúðarhús sitt á hreppslandi. Einnig þarf að tryggja að flugvöllurinn allur og hugsanleg framlenging hans verði innan hreppslands. Samþykkt að öðru leyti.

10-14. liðir samþykktir.

6) Deiliskipulag íbúðabyggðar á Reykhólum. Athugasemdafrestur rann út 10.júní. Ein athugasemd barst frá Eygló Kristjánsdóttur. Hreppsnefnd leggur til að húsum 1-3 og húsum 2-4 sé snúið til samræmis við legu Hellisbrautar. Byggingarreitir allra húsanna þyrftu enn fremur að vera stærri. Deiliskipulag samþykkt með þessum athugasemdum.

7) Fundargerð samgönguhóps FSV frá fundi á Reykhólum 26.maí 2004. Vegamál rædd almennt í tengslum við þessa fundargerð.

8) Fundargerð starfshóps um hlunnindasýningu 18.maí 2004. Sveitarstjóri greindi frá því að Guðlaugur Theodórsson hefði afhent honum nú um morguninn lykla að verkstæðishúsinu við Maríutröð sem hreppurinn hefur fest kaup á.

9) 48.fundur Breiðafjarðarnefndar, fundargerð (tilkynning)

10) Tilnefning aðalmanns og varamanns í Breiðafjarðarnefnd, erindi frá Umhverfisstofnun. Oddviti stakk upp á að sömu menn sætu áfram, þó þannig að þeim yrði víxlað, þ.e. Eiríkur Snæbjörnsson yrði aðalmaður og Jóhannes Gíslason varamaður. Samþykkt samhljóða.

11) Vegur um Arnkötludal og Gautsdal í Hólmavíkurhreppi og Reykhólahreppi. Ákvörðun um matsáætlun frá Skipulagsstofnun (tilkynning).

12) Fjórðungsþing Vestfirðinga 3-4.september á Ísafirði (tilkynning)

13) Aðalfundur AtVest á Hótel Bjarkalundi 16.júní (tilkynning). Sveitarstjóri greindi frá því að hann yrði staddur í Flatey þennan dag ásamt byggingarfulltrúa og gæti því ekki sótt þennan fund. Ákveðið að varaoddviti sækti fundinn.

14) Vestfjarðavíkingur 2004, dagskrá (tilkynning). Keppt verður 8. júlí 2004 í tveimur greinum í Reykhólahreppi; í Grettislaug á Reykhólum annars vegar og Bjarkalundi hins vegar.

15) Neysluvatn-Reykhólum, niðurstaða Heilbrigðiseftirlits Vestfjarða. Sýni var tekið 10. maí. Vatnið stóðst gæðakröfur.

16) Fundargerð heilbrigðisnefndar 30. apríl 2004. Enn fremur fyrri umræða um tillögu að samþykkt um umgengni og þrifnað utanhúss á starfssvæði heilbrigðisnefndar Vestfjarða. Hreppsnefnd leist vel á þessa tillögu að samþykkt og vísaði henni til síðari umræðu á næsta fundi í hreppsnefnd.

17) Erindi frá Ísl. fasteignum ehf varðandi fasteignaþjónustu. Ekki er áhugi fyrir erindinu.

18) Greinargerð FSV varðandi sameiningarkosti sveitarfélaga á Vestfjörðum. Lagt fram til kynningar.

19) Tillaga frá sveitarstjóra um að fundir hreppsnefndar falli niður í júlí 2004. Samþykkt.

20) Umsókn um leyfi til áfengisveitinga í veitingahúsinu Vogu, Flatey. Sveitarstjórn er hlynnt erindinu.

Dagskrá var nú tæmd en í lok fundar var rætt um fjárveitingar til safnvega, en Vegagerðin í Búðardal hefur óskað eftir ábendingum frá Reykhólahreppi um úrbótaþörf á heimreiðum að bæjum. Oddvita falið að ræða við yfirmann Vegagerðarinnar í Búðardal um málið, en skoða þarf allar heimreiðar að lögbýlum í hreppnum til að sjá hvar úrbóta sé þörf.

Enn fremur rætt um hugsanleg dráttarvélarkaup sveitarfélagsins en sláttuorð henta illa á stór svæði. Einnig hægt að kaupa þessa þjónustu frá verktökum. Agli falið að kanna málið frekar.

Fleira gerðist ekki. Fundargerð upp lesin og samþykkt. Fundi slitið kl. 19:51

Gústaf Jökull Ólafsson   Egill Sigurgeirsson   Bjarki Stefán Jónsson   Björk Bárðardóttir   Þórður Jónsson   Einar Örn Thorlacius (ritar)